

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

FUNDARGERÐ

20. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar, haldinn að Þverá miðvikudaginn 8. febrúar 2012 og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Pröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps.

Framlagðar athugasemdir við auglýsta tillögu að Aðalskipulagi fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp 2008-2020. Ennfremur voru lagðar fram tillögur að svörum við innsendum athugasemdum.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkti þann 7.10.2010 að auglýsa tillögu að aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020.

Tillagan var send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og voru lagfæringar gerðar á tillögunni fyrir auglýsingu.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu var auglýst samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aðalskipulagstillagan og umhverfisskýrslan voru til sýnis hjá oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps, Hjarðarfelli, 311 Borgarnesi og hjá skipulagsfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps, Fálkakletti 11, 310 Borgarnesi, frá 31. október til 12. desember 2011.

Gögnin voru einnig aðgengileg hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á heimasíðu Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, www.tgj.is/frettir.html

Frestur til að senda inn athugasemdir rann út þann 12. desember 2011 en alls bárust 7 athugasemdir frá 5 aðilum.

Eftirtaldir aðilar gerðu athugasemdir við aðalskipulagstillöguna:

- a) Dags. 14.11.2011. Þorsteinn Sigurðsson, Holti, Eyja- og Miklaholtshreppi. Í bréfi Þorsteins kemur m.a. fram að gerð sé athugasemd við uppdrátt aðalskipulagsins þar sem hann sé ekki í samræmi við deiliskipulag Múlavirkjunar þ.e. miðlunarlón sé samfellt frá vatni á aðalskipulagsuppdrætti en sé 15 – 20 m frá vatni í deiliskipulagi Múlavirkjunar.

Skipulags- og byggingarnefnd telur ekki ástæðu til að breyta aðalskipulagstillögunni vegna framkominna athugasemda, enda hefðu þær breytingar engin áhrif gagnvart Múlavirkjun, þar sem í gildi er deiliskipulag fyrir Múlavirkjun.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

Nefndin bendir jafnframt á að það sé eðlilegt að aðalskipulagsuppráttur sé ekki jafn nákvæmur og deiliskipulagsuppráttur, enda er aðalskipulag stefna sveitarstjórnar um landnotkun en tekur ekki endilega afstöðu til nánari útfærslu á afmörkuðu svæði eða reit, líkt og gert er í deiliskipulagi.

- b) Dags. 03.12.2011. Ingunn Hrefna Albertsdóttir, Holti, Eyja- og Miklaholtshreppi. Í bréfi Ingunnar Hrefnu kemur m.a. fram að gerð sé athugasemd við upprátt aðalskipulagsins og því haldið fram að Baulárvallarvatn og virkjunarlón Múlavirkjunar sé ekki rétt teiknað. Vatnið og lónið séu teiknuð sem ein heild í stað þess að sýna 10 – 15 m langan straum.

Skipulags- og byggingarnefnd telur ekki ástæðu til að breyta aðalskipulagstillögunni vegna framkominna athugasemda, enda hefðu þær breytingar engin áhrif gagnvart Múlavirkjun, þar sem í gildi er deiliskipulag fyrir Múlavirkjun.

Nefndin bendir jafnframt á að það sé eðlilegt að aðalskipulagsuppráttur sé ekki jafn nákvæmur og deiliskipulagsuppráttur, enda er aðalskipulag stefna sveitarstjórnar um landnotkun en tekur ekki endilega afstöðu til nánari útfærslu á afmörkuðu svæði eða reit, líkt og gert er í deiliskipulagi.

- c) Dags. 07.11.2011. Ingunn Hrefna Albertsdóttir, Holti, Eyja- og Miklaholtshreppi. Í bréfinu er óskað eftir að lögun Holtslands sé breytt á aðalskipulagsupprætti.

Skipulags- og byggingarnefnd telur ekki ástæðu til að breyta aðalskipulagstillögunni og bendir á að mörk jarða í aðalskipulagstillögunni séu ónákvæm og hafi því ekkert lagalegt gildi.

- d) Dags. 12.12.2011. Þórður Runólfsson, Syðra-Lágafelli 2, Eyja- og Miklaholtshreppi. Í bréfi Þórðar er óskað eftir að gerð sé í aðalskipulaginu grein fyrir gömlum þjóðleiðum innan sveitarfélagsins enda séu þær fornminjar skv. fornminjalögum. Ennfremur að þessar leiðir verði skilgreindar sem reiðleiðir í aðalskipulaginu.

Skipulags- og byggingarnefnd tekur undir þau sjónarmið að betur verði gerð grein fyrir þjóðleiðum í sveitarfélaginu og leggur til við sveitarstjórn að hún marki sér stefnu um að ljúka þeirri vinnu á skipulagstímabili aðalskipulagsins.

- e) Dags. 12.12.2011. Þórður Runólfsson, Syðra-Lágafelli 2, Eyja- og Miklaholtshreppi. Í bréfi Þórðar er óskað eftir að skilgreiningu landnotkunar fyrir lóð „ræktunarstöðvarinnar Lágafelli“ verði breytt í blandaða landnotkun.

Skipulags- og byggingarnefnd tekur ekki undir þau sjónarmið að skilgreina eigi íbúðarbyggð og frístundabyggð á lóðinni, hinsvegar telur nefndin að sú blandaða landnotkun sem skilgreind sé í aðalskipulagi fyrir umrædda lóð þ.e.a.s. „opið svæði til sérstakra nota“ og „athafnasvæði“ sé í samræmi við þá megin starfsemi sem stunduð sé á lóðinni.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

- f) Dags. 11.12.2011. Gísli Guðmundsson, Hömluholti, Eyja- og Miklaholtshreppi. Í bréfi Gísla er gerður fyrirvari um landamerki jarðarinnar Hömluholts. Einnig er áskilinn réttur varðandi reiðleið úr fjörunni í Hömluholtslandi, sem ekki er getið um í aðalskipulaginu. Þá er gerð athugasemd við að ekki sé getið um frístundabyggð á jörðinni Hömluholti, sem sótt var um til sveitarfélagsins árið 1995.

Skipulags- og byggingarnefnd bendir á að mörk jarða í aðalskipulagstillögunni séu ónákvæm og hafi því ekkert lagalegt gildi.

Skipulags- og byggingarnefnd tekur undir þau sjónarmið að betur verði gerð grein fyrir reiðleiðum í sveitarfélaginu og leggur til við sveitarstjórn að hún marki sér stefnu um að ljúka þeirri vinnu á skipulagstímabili aðalskipulagsins.

Nefndin tekur jafnframt undir að ekki hafi verið nægilega gert grein fyrir frístundabyggð á jörðinni Hömluholti, en þar sé aðallega um að ræða vitlausa staðsetningu. Byggingarfulltrúa falið að gera breytingu á staðsetningu frístundabyggðar á aðalskipulagsupprætti.

- g) Dags. 11.10.2011. Björn H. Kristjánsson og Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þórólfsögðu 16, Borgarnesi. Í bréfinu er óskað eftir að gert verði ráð fyrir byggingarreit fyrir sumarhús í landi Fáskrúðarbakka.

Nefndin samþykkir að gera ráð fyrir sumarhúsi í landi Fáskrúðarbakka í aðalskipulagi.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir afgreiðslu vegna framkominna athugasemda. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 með áorðnum breytingum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gera leiðréttingar á skipulagsgögnum til samræmis við umræður á fundinum og senda svo skipulagsgögnin til Skipulagsstofnunar með ósk um afgreiðslu til staðfestingar Umhverfissráðherra. Jafnframt er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar skv. 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga og senda svör sveitarstjórnar til þeirra sem athugasemdir gerðu. Loks er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að óska eftir greiðsluþátttöku úr Skipulagssjóði, allt að 50 %, til samræmis við þá kostnaðar- og verkstöðu sem skipulagið nú er í.

2. Erindi dags. 22.11.2011 frá Gísla Guðmundssyni, Hömluholti. Sótt er um byggingarleyfi fyrir gestahúsi að Hömluholti. Stærð 42,2 m².
Samþykkt með fyrirvara um leiðréttu teikningu og að skilað verði inn skráningartöflu.
3. Erindi dags. 02.12.2011 frá Guðbjarti Gunnarssyni, Hjarðarfelli. Sótt er um leyfi fyrir dúkhúsi, 82,5 m² að stærð. PVC eldvarinn dúkur, UV varinn, stálgrind polyhúðuð, þolir vindálag allt að 65 m/sek. Snjóálag allt að 55 kg/m². Grunnflötur hússins er 15 m x 5,5 m og hæðin 5,3 m. Hurðarhæð er 4,1 m.
Samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

4. Erindi dags. 24.11.2011 frá Bryndísi Guðmundsdóttur, Miðhrauni 2, Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um leyfi fyrir gróðurhúsi að Miðhrauni 2. Stærð ca. 5x8m.
Með erindinu fylgdu teikningar frá Jóhannesi Eggertssyni hönnuði hjá Gluggum og Garðhúsum ehf.
Samþykkt.

5. Erindi dags. 24.11.2011 frá Bryndísi Guðmundsdóttur, Miðhrauni 2, Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um leyfi fyrir hænsna- og býflugnahúsi að Miðhrauni 2.
Um er að ræða timburhús með standandi utanhússklæðningu úr borðvið (undir / yfir), sem ætlað er sem hænsnahús.
Húsið stendur á steinsteypum kjallara, þar sem verður aðstaða fyrir býflugnabú.
Samþykkt með fyrirvara um skráningartöflu.

6. Erindi dags. 24.11.2011 frá Bryndísi Guðmundsdóttur, Miðhrauni 2, Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um stöðuleyfi fyrir gáma á Miðhrauni 2.
Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

7. Erindi móttakið 08.02.2012 frá Reyni Sævarssyni f.h. Svelgs ehf, Hrísum, Helgafellssveit.
Sótt er um leyfi fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi vatnsaflsvirkjunar úr landi Hrísa, svokallaðri „Svelgsárvirkjun.“
Breytingarnar felast annars vegar í færslu stöðvarhúss um 180 metra til norðausturs og hins vegar í færslu stíflu ofar í hlíðina. Horfið er frá því að byggja jarðvegstíflu og þess í stað byggðar þrjár minni steinsteypar stíflur í kvíslum Svelgsár um 450 m ofar í hlíðinni.
Samþykkt að hefja undirbúning að breytingu á deiliskipulagi virkjunarinnar.

8. Til kynningar:
Erindi frá Magnúsi A. Sigurðssyni, minjaverði Vesturlands hjá Fornleifavernd ríkisins, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi.
Óskað var eftir afstöðu byggingarfulltrúa á því að gerður yrði stígur að Bólstað í landi Úlfarsfells í Helgafellssveit. Um var að ræða fylgiskjal sem minjavörður þurfti vegna styrkumsóknar úr opinberum sjóði. Ef verkefnið hlýtur styrk mun verða sótt um framkvæmdaleyfi og teikningar lagðar fyrir skipulags- og byggingarnefnd.

9. Önnur mál.
Ekkert tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og staðfest. Fundi slitið kl. 22.55.

Jökull Helgason
Skipulags- og byggingarfulltrúi